

ársáætlun



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri - Egilshákur - Hella - Ísafjörður - Mývatn
Patrekksfjörður - Reykjavík - Snaefellnes - Vestmannaeyjar

2013




UMHVERFISSTOFNUN



UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Eftirfarandi ársáætlun fyrir árið 2013 er samþykkt af neðangreindum í samræmi við árangursstjórnunarsamning milli umhverfis- og auðlindaráðuneytis og Umhverfisstofnunar


FYRIR HÖND UMHVERFISSTOFNUNAR


FYRIR HÖND UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIS

Grænt samfélag

Ársáætlun 2013 byggir á stefnumótun Umhverfisstofnunar 2013-2017 sem er ætlað að móta umgjörð um okkar vinnu til verndar umhverfi og náttúru Íslands. Stefnan er byggð á stefnu stjórnvalda, greiningu á árangri fyrri stefnu og hagsmunaaðilakönnun svo eitthvað sé nefnt.

Ársáætluninni er skipt upp eftir nýjum markmiðum stofnunarinnar sem eru átta talsins. Undir hverju og einu yfirmarkmiði er að finna yfirlit yfir föst verkefni, fjölda þeirra, málshraðaviðmið, áhersluverkefni næsta árs og yfirlit yfir gagnaskil. Auk þess er að finna rekstraráætlun stofnunarinnar með yfirliti yfir helstu útgjaldaliði ársins.

Sumarið 2013 verður stórt framkvæmdasumar í náttúruvernd. Við fáum nýja starfsstöð á suðurlandi sem mun þjóna Gullfossi og Friðlandi að Fjallabaki sem verður þá níunda starfsstöð Umhverfisstofnunar. Enda erum við stofnun allra landsmanna.

Verkefnin sem stofnunin sinnir eru þess eðlis að þau krefjast samstarfs, samvinnu og skyldurækni af hálfu nær allra aðila samfélagsins. Mörg þeirra eru flókin og krefjast samræmingar og samþættingar margra aðila til að ná árangri. Það er mikilvægt að við leggjum aukna áherslu á bættu þjónustu, sveigjanleika og skilvirkni í okkar störfum.

Þörfin fyrir upplýsingar um umhverfismál fer vaxandi og mikilvægt að þær séu nytsamlegar og reglulega uppfærðar. Við munum leggja áherslu á að gera gagnavinnslu skilvirkari með bættum gagnakerfum sem muni auðvelda okkar störf. Almennigur hefur líka mikla þörf fyrir góðar og skiljanlegar upplýsingar um umhverfismál. Mörgum áföngum hefur þegar verið náð í þeim efnum og munum við halda áfram á þessari vegferð.

Þegar ný stefna hefur verið mörkuð skiptir miklu að miðla henni bæði innávið og til þeirra sem við vinnum með og fyrir. Vegferð okkar til næstu ára er skýr og mörg skemmtileg verkefni bíða okkar. Við höfum sett okkur ný gildi sem varða leiðina. Við munum áfram grundvalla starf okkar á fagmennsku en höfum nú samvinnu, framsýni og virðingu að leiðarljósi.

Verkefni okkar á árinu 2013 eru margþætt og stefnan er sett á grænt hagkerfi og grænt samfélag. Það er okkar von að á næstu fimm árum muni stofnunin vaxa og dafna og ná þeim markmiðum sem sett hafa verið. Með jákvæðu hugarfari, samvinnu og samstarfi við lykilaðila trúum við því að það náist – og jafnvel gott betur ef allir leggjast á eitt.


FORSTJÓRI UMHVERFISSTOFNUNAR



Mannauðsmál

Hjá Umhverfisstofnun eru mannauðsmál komin í nokkuð fastar skorður. Framkvæmd þeirra skiptist að stærstum hluta í fjóra liði:

1. *Framkvæmd starfsmannastefnu.*
2. *Setningu gæðamarkmiða.*
3. *Ákvörðun áhersluverkefna fyrir hver ár.*
4. *Framkvæmd jafnréttisáætlunar.*

Starfsmannastefnan er virk, þar sem unnið er með hvern þátt hennar eftir skilgreindum ferlum í gæðahandbók, handbókum starfsmanna og stjórnenda og ákveðnu vinnufyrirkomulagi allt frá því starf er auglýst og til starfsloka. Eitt af nýmælum í framkvæmd starfsmannastefnu á árinu 2013 er að unnið verður með einstaklingsmiðaðar símenntunaráætlanir. Hver starfsmaður gerir áætlun um eigin símenntun sem yfirmaður fer yfir með starfsmanni í árlegu starfsmannasamtali.

Tilgangur með settum gæðamarkmiðum er að gera góða stofnun enn betri. Þau felast í að markmið eru sett varðandi útkomu í starfsánægjukönnunum, símenntun starfsmanna, fjölda veikindadaga, fjölda framkvæmdra starfsmannasamtala

og kynjahlutfalli starfsmanna. Áhersluverkefni í mannauðsmálum árið 2013 eru samræming starfslýsinga, yfirlit yfir núverandi þekkingu starfsmanna, forvinna fyrir framgangskerfi og fræðsla til nýrra starfsmanna um vistvænar áherslur í daglegum störfum. Nánar er greint frá áhersluverkefnum aftar í ársáætlun.

Annað nýmæli er framkvæmd jafnréttisáætlunar en jafnréttisstefna ásamt jafnréttisáætlun voru samþykktar á árinu 2012 til þriggja ára. Þar er gert ráð fyrir að unnið verði að þekkingaröflun og kortlagningu jafnréttismála næstu misserin. Áætlað er að árlega verði kyngreindar upplýsingar unnar, s.s. hlutfall kynja eftir sviðum og starfshópum svo og upplýsingar um veikindi og fjarveru vegna veikra barna. Á árinu 2013 er sérstaklega áætlað að framkvæma könnun á vinnuumhverfi, félagslegt vinnuumhverfi, vinnutíma og samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs, þ.e. hvort munur sé á milli kynja hvað þessa þætti varðar. Þá er áætlað að unnin verði launagreining hjá stofnuninni með það að markmiði að kanna hvort kynbundinn launamunur sé til staðar.

Leiðandi afl sjálfbærrar þróunar – framsýn stefna

Árið 2013 markar upphaf nýrrar stefnu sem gildir í fimm ár 2013 – 2017. Síðasta stefna var sett árið 2008 og rann út nú um áramótin. Mikil vinna hefur verið lögð í mótun nýrrar stefnu. Lagt var í viðamikla greiningu á núverandi stöðu frá ýmsum sjónarhornum. Þá voru lagðar kannanir fyrir starfsfólk og hagsmunaaðila.

Í upphafi árs 2012 var farið yfir reynslu af eldri markmiðum og hvernig þau hefðu nýst stofnuninni sem sá leiðandi drifkraftur sem þeim var ætlað að vera. Stofnaðir voru vinnuhópar starfsmanna síðastliðið vor sem fengu sumarmánuðina til þess að greina eftirfarandi mál:

- » *Stefnu stjórnvalda*
- » *Lög og regluverk*
- » *Samstarf við aðrar stofnanir og hópa*
- » *Innri mál stofnunarinnar m.t.t. skipulags og ferla, verkefnastjórnunar, upplýsingatæknilausna, stjórnunar og starfsmannamála*

Þessi forvinna var afar mikilvæg til þess að fá fram gott yfirlit yfir stöðu mála, en erfitt er að ákveða hvaða stefnu á að taka ef upphafspunkturinn er óþekktur.

Á haustmánuðum var lagt upp í hugmynda-vinnu um mótun nýrrar stefnu. Lögð var rík áhersla að stefnumótunarvinnan væri verk allra starfsmanna og teljum við að þar liggi styrkur nýrrar stefnumótunar. Mikilvægt er að starfsfólk geti fylkt sér að baki nýrri stefnu og unnið að því að ná árangri með stuðningi nýrrar framtíðarsýnar, gilda og markmiða.

Ný fimm ára stefnumótun hefur litið dagsins ljós. Fyrir liggur framtíðarsýn, gildi, markmið og aðgerðaráætlun til næstu fimm ára. Til að tryggja enn frekar vandaða og örugga innleiðingu nýrrar stefnu var skipurit stofnunarinnar endurskoðað þar sem innra skipulag þarf að styðja vel við nýja stefnumótun hvað varðar ábyrgð á markmiðum og verkefnum.

Framtíðarsýn Umhverfisstofnunar


Við gegnum leiðandi hlutverki í sjálfbærri þróun í samfélaginu í þágu allra landsmanna og náttúrunnar.

VIÐ NÁUM ÞESSU FRAM MEÐ ÞVÍ AÐ

- » *Afla, meta og miðla bestu upplýsingum og þekkingu um ástand umhverfisins.*
- » *Beita stýrandi og hvetjandi aðgerðum til árangurs*
- » *Efla samráð og veita góða þjónustu*
- » *Búa fyrir nauðsynlegu skipulagi, þekkingu, stjórn-tækjum og verkfærum*
- » *Vera til fyrirmyndar í umhverfismálum*

Markmiðin sem sett eru fram myndrænt á næstu síðu eru sex umhverfismarkmið sem endurspeglar megináskoranir okkar í umhverfismálum. Undirstaða þeirra eru tvær stoðir sem snúa að samvinnu, verklagi og aðbúnaði til þess að ná árangri.

Leiðandi stofnun



Fagmennska

Við öflum bestu þekkingar og gagna og tökum ákvarðanir byggðar á þeim. Við leggjum áherslu á gegnsæi og rétt almennings til upplýsinga um öll okkar störf.

Samvinna


Við nýtum styrkleika hvers annars og vinnum saman að úrlausn ólíkra verkefna. Við leitum samstarfs við almenning og hagsmunaaðila.

Framsýni

Við horfum til framtíðar og fylgjumst grannt með þróun umhverfismála. Við erum leiðandi afl í samfélaginu með sjálfbæra þróun að markmiði í öllu okkar starfi.

Virðing

Við berum umhyggju fyrir umhverfinu, erum stolt af þeirri ábyrgð sem samfélagið felur okkur og komum fram af heidarleika og sanngirni.





Verkefnin tala sínu máli

Verkefni ársins 2013 eru birt undir viðeigandi markmiðum. Þau sýna þá aðgerðaráætlun sem fara skal eftir til þess að ná þeim markmiðum sem stofnunin hefur sett sér að vinna að til ársins 2017. Við gerð ársáætlunar er kappkostað að setja saman áætlun sem gerir okkur kleift að vinna skipulega til þess að ná betri árangri. Tengsl eru á milli áhersluverkefna og afgreiðsluverkefna og undir liðinn áhersluverkefni eru eingöngu sett þau verkefni sem stofnunin telur nauðsynlegt að fara í til þess að tryggja að hún uppfylli hlutverk sitt og sinni lögbundnum afgreiðsluverkefnum. Í yfirliti yfir fjölda afgreiðsluverkefna eru settar fram rauntölur

ásamt mati á því hver fjöldi þeirra verði á næsta ári. Rétt er að benda á að vinna við einstök verkefni innan flokkanna getur verið mjög mismunandi og að hér eru eingöngu tiltekin helstu afgreiðsluverkefni stofnunarinnar. Þau árlegu gagnaskil sem stofnunin ber ábyrgð á er hægt að finna undir viðeigandi markmiði.

Í yfirliti yfir afgreiðsluverkefni eru sett fram málshraðaviðmið þar sem það á við. Málshraði er gefinn upp í dögum og eru frídagar innifaldir í heildartölu nema málshraði sé skemmri en fimm dagar.

Hreint loft & takmörkun gróðurhúsaáhrifa

Við viljum hreint loft hvar sem er á landinu. Loftgæði verða að standast kröfur á landsvísu og alþjóðamælikvarða. Íslendingar eiga að uppfylla alþjóðlegar skyldur sínar í loftslagsmálum. Upplýsingar um loftgæði og loftslagsmál verða aðgengilegar öllum.

Áhersluverkefni


	SKILAFRESTUR
Akvörðun um heildstætt losunarbókhald loftmengunarefna (NEC (+LRTAP))	1. júní
Könnun á þekkingu og vitund almennings um loftgæði.	28. desember
Sambætta leyfisveitingar og eftirlit með starfsleyfisskyldri starfssemi og ETS	31. desember
Vinnulýsing vegna eftirlitsáætlana til að auka skil á losunarskýrslum í flugi	1. júlí
Tillaga að reglugerð um verkaskiptingu, ábyrgð og skil á gögnum til Umhverfisstofnunar vegna landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar	1. júní
Forgangsröðun og verkfyrirkomulag fyrir vinnslu verkferla í ETS	1. desember
Uppsetning hugbúnaðar um utanumhald gagna varðandi ETS	1. mars
Útbúa og setja efni á vefsíðu um loftslagsmál í samræmi við ábendinga úttektarteyma UNFCCC (www.co2.ust.is)	15. apríl

Afgreiðsluverkefni

	FJÓLDI RAUNTÖLUR 2011	FJÓLDI ÆTTLUN 2012	FJÓLDI RAUNTÖLUR 2012	FJÓLDI ÆTTLUN 2013	MÁLSHRAÐI
Yfirferð skýrsla vegna losunar gróðurhúsalofttegunda	5	5	5	5	60
Afgreiðsla umsókna um losunaleyfi vegna atvinnurekstrar	20	4	0	3	-
Afgreiðsla umsókna um losunarheimildir vegna flugs	1	10	0	0	-
Yfirferð eftirlitsáætlana vegna flugs	15	20	34	30	-
Yfirferð losunarskýrsla vegna flugs	1	100	33	30	-
Útreikningur og/eða úhlutun losunarheimilda	18	25	7	7	-
Stofnun reikninga í skráningarkerfi	-	50	17	20	-
Skýrsla til loftlagssamningsins	1	1	1	1	-

Gagnaskil

	SKIL TIL	SKILAFRESTUR	ÁBYRGÐ
ETS. Skýrsla um framkvæmd viðskiptakerfis	ESA	2013	Kristján Geirsson
ETS. Upplýsingar um eftirlitsáætlanir um losun flugrekenda	EUROCONTROL	2013	Vanda Úlfrún Hellsing
ETS. Losunarskýrslur flugrekenda	ESA	2013	Vanda Úlfrún Hellsing
Töluleg gögn um losun gróðurhúsalofttegunda	UNFCCC	15. apríl	Birna S. Hallsd./Christoph Wöll
Skýrsla um losun gróðurhúsalofttegunda	UNFCCC	15. apríl	Birna S. Hallsd./Christoph Wöll
Töluleg gögn um losun loftmengunarefna	UNECE/LRTAP	15. febrúar	Birna S. Hallsd./Christoph Wöll
Skýrsla um losun loftmengunarefna	UNECE/LRTAP	15. febrúar	Birna S. Hallsd./Christoph Wöll
Skýrsla um innflutning ósoneyðandi efna	UNEP	30. september	Haukur R. Magnússon
Skýrsla um ósoneyðandi efni	ESA	30. mars	Haukur R. Magnússon
Skýrslur um loftgæði og loftgæðamælingar	ESA	30. september	Þorsteinn Jóhannsson
Tölur um styrk óson að sumarlagi	EEA	Rauntímagögn	Þorsteinn Jóhannsson
Mánaðarleg samantekin gögn um óson	ESA	Mánaðarlega	Þorsteinn Jóhannsson
Árleg samantekt um óson	ESA	30. september	Þorsteinn Jóhannsson
Skýrsla um áætlanir og aðgerðir í loftgæðamálum	ESA	31. desember	Þorsteinn Jóhannsson
Loftgæðagögn frá mælistöðvum	ESA	1. október	Þorsteinn Jóhannsson



Verndun náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni

Við verndum lífríki og jarðminjar fyrir komandi kynslóðir. Við viljum koma á neti verndarsvæða og vinna að gerð verndaráætlana fyrir friðlýst svæði á landinu. Eftirlit og umsjón með friðlýstum svæðum verður eft. Hefta þarf útbreiðslu framandi ágengra tegunda.

Áhersluverkefni

SKILAFRESTUR

Gera umsjónarsamninga við lögaðila um friðlýst svæði utan miðhálandis	1. september
Gerð aðgerðaáætlunar til að hefta útbreiðslu eftirfarandi framandi ágengra tegunda; minks, skógarkerfils og lúpínu.	31. desember
Uppræting lúpínu á friðlýstum svæðum	1. september
Tillaga um aukna miðstýringu á veiðistjórnun minks	31. desember
Atak til að tryggja að sveitarfélög skili inn skýrslum um refaveiðar	31. desember
Vinna að undirbúningi Náttúruverndaráætlunar 2014-2018	1. maí
Uppsetning gagnagrunns um friðlýst svæði (m.a. um innviði svæða, árangur friðlýsingar og ástand svæðis)	31. desember
Árlegir fundir með umsjónaraðilum friðlýstra svæða	31. desember
Stjórnun friðlýstra náttúruminja/Stefnumótun	1. maí
Samningar við rekstraraðila í samræmi við stefnumótun	1. september
Greining á ástandi friðlýstra svæða	31. desember
Endurskoðun eldri friðlýsingarákvæða	31. desember
Verndaráætlanir unnar samhliða nýjum friðlýsingum	31. desember
Unnar verndaráætlanir fyrir eldri friðlýst svæði	31. desember
Dagbókarform fyrir landverði í gagnagrunni	31. maí
Auka samstarf við rannsóknarstofnanir á þverfaglegan hátt til að bæta ákvarðanir um verndarráðstafanir	1. maí
Gerð þolmarkagreiningar fyrir friðlýst svæði (1 á ári)	31. desember
Viðbragðsteymi vinnur viðbragðsáætlun fyrir umhverfisábyrgð	1. maí
Gera öryggisáætlun og áhættumat fyrir öll mönnuð friðlýst svæði	31. desember

Afgreiðsluverkefni

	FJÖLDI RAUNTÖLUR 2011	FJÖLDI ÁÆTLUN 2012	FJÖLDI RAUNTÖLUR 2012	FJÖLDI ÁÆTLUN 2013	MÁLSHRAÐI
Landvarðanámsskið (hvert námsskið 110 klst.)	1	1	1	1	-
Fjöldi sjálfbodaliðavikna	640	480	444	400	-
Friðlýsingar	7	5	3	5	-
Viðbrögð við brotum vegna aksturs utan vega	6	6	19	20	-
Ástandsskýrsla friðlýstra svæða	1	1	1	1	-
Fræðslu- og upplýsingaskilti á friðlýstum svæðum	21	15	18	20	-
Útgefnir bæklingar	6	4	4	4	-
Fjöldi landvörsluvikna	162	199	199	163	-
Skráning refa- og minkareikninga frá sveitarfélögum (fjöldi hreppa)	67	-	73	72	60
Ársfundur náttúruverndarnefnda	-	-	1	1	-
Ástandsskýrsla - rauði listinn	-	-	0	1	-

Gagnaskil

	SKIL TIL	SKILAFRESTUR	ÁBYRGÐ
Skrá yfir verndarsvæði (CDDA-1)	EEA	15. mars	Gunnar Steinn Jónsson

Skrá yfir verndarsvæði

Uppræting framandi tegunda í Svarfaðardal

Fræðsluskilti við Vatnshelli í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli

Upplýsingum um refaveiðar safnað

Aðgerðaáætlun til að hefta útbreiðslu minks, skógarkerfils og lúpínu

Greining á ástandi friðlýstra svæða
Ástandsskýrsla friðlýstra svæða

janúar febrúar mars apríl maí júní júlí ágúst september október nóvember desember

Verndun hafs & vatns

Við viljum að allt vatn á Íslandi uppfylli gæðamarkmið um hreinleika og lífvænleika. Hafið umhverfis landið þarf að vera hreint. Þá viljum við að Ísland sé leiðandi á alþjóðavísu í vörnum gegn mengun sjávar enda virðir mengun ekki landamæri.

Áhersluverkefni

	SKILAFRESTUR
Stöðuskýrsla fyrir vatn	31. desember
Skipta öllu ferskvatni og strandsjó í vatnshlot og gerðir vatnshlota	1. júní
Skilgreina viðmiðunaraðstæður fyrir gerðir vatnshlota	31. desember
Samningur við fagstofnanir um að skilgreina vísitægi vegna gæðaflokkunar	1. ágúst
Stofna samstarfshóp með heilbrigðisnefndum um umsjón og eftirlit með fráveitu	1. ágúst
Setja á laggimar reglubundna samráðsfundi með Siglingastofnun og Landhelgisgæslu um málefni umhverfis hafs og siglinga	31. desember
Drög að reglugerð um oliuleit og vinnslu	30. nóvember
Innleidd innri viðbragðsáætlun Umhverfisstofnunar vegna bráðamengunar	30. maí
Viðbragðsáætlun Umhverfisstofnunar, Landhelgisgæslu Íslands og Siglingastofnunar Íslands um viðbrögð við bráðamengun	31. desember

Afgreiðsluverkefni

	FJÖLDI RAUNTÖLUR 2011	FJÖLDI ÆTTLUN 2012	FJÖLDI RAUNTÖLUR 2012	FJÖLDI ÆTTLUN 2013	MÁLSHRAÐI
Leyfi fyrir varpi í hafið	4	4	4	2	30
Samþykki fyrir lagningu sæstrengja	1	1	1	1	-
Staðfesting á áætlunum hafna um móttöku úrgangs	-	-	50	15	-
Staðfesting á skilgreiningum sveitarstjórna á viðtaka vegna fráveitna	0	0	0	2	-

Gagnaskil

	SKIL TIL	SKILAFRESTUR	ÁBYRGÐ
Skýrsla um framkvæmd skólpílskipunar	ESA	Eftir þörfum	Tryggvi Þórðarsson
Gögn um mælingar í sjó (ME-1)	EEA	31. október	Gunnar Steinn Jónsson
Gögn um mælingar í ám (EWN-1)	EEA	31. október	Gunnar Steinn Jónsson
Gögn um mælingar í stöðuvötnum (EWN-2)	EEA	31. október	Gunnar Steinn Jónsson
Gögn um mælingar í grunnvatni (EWN-3)	EEA	31. október	Gunnar Steinn Jónsson
Gögn um losun efna í vatn	EEA	31. október	Tryggvi Þórðarsson
Framburður efnamengunar með ám (RID)	OSPAR	1. nóvember	Tryggvi Þórðarsson
Skýrsla um varp á úrgangi í hafið	OSPAR	1. október	Sigurros Friðriksdóttir
Skýrsla um óhöpp, losun og frárennsli frá oliustöðvum á sjó	OSPAR	1. nóvember	Gottskálf Friðgeirsson
Verndarsvæði í sjó	OSPAR	31. desember	Gunnar Steinn Jónsson
Arctic Monitoring and Assessment Programme	AMAP	Eftir þörfum	Helgi Jenson

Staðfesting á
áætlunum hafna um
móttöku úrgangs

Stofna samstarfshóp með
heilbrigðisnefndum um um-
sjón og eftirlit með fráveitu

Skýrsla um varp á
úrgangi í hafið

Viðbragðsáætlun
vegna bráða-
mengunar

Verndar-
svæði í sjó

Stöðuskýrsla
um ástand
vatns

janúar febrúar mars apríl maí júní júlí ágúst september október nóvember desember

Heilnæmt umhverfi

Við viljum skapa heilnæmt umhverfi fyrir alla og lágmarka áhrif skaðlegra efna á lífríki og heilsu manna. Tryggja að á markaði séu ekki efni eða vörur sem innihalda skaðleg efni. Við stuðlum að því að framleiðendur séu meðvitaðir um skyldur sínar og almenningur upplýstur um rétt sinn. Við vinnum að bættri hollustuvernd með samræmingu og í samstarfi við heilbrigðisnefndir.

Áhersluverkefni

SKILAFRESTUR

Kynningarátak um markaðssetningu neytendavöru	1. október
Kynning á nýjum reglum um öryggisblöð,	1. júní
Námskeið um áhættumat á sundstöðum	1. júní
Eftirfylgni með kortlagningu hávaða á vegum og í þéttbýli.	30. júní
Úttekt á tveim sæfiefnaflokkum á markaði	30. júní
Eftirlitsáætlun á efnavörum og hlutum sem innihalda efni.	30. nóvember

Afgreiðsluverkefni

	FJÖLDI RAUNTÖLUR 2011	FJÖLDI ÁÆTLUN 2012	FJÖLDI RAUNTÖLUR 2012	FJÖLDI ÁÆTLUN 2013	MÁLSHRAÐI
Starfsréttindaleyfi meindýraeyða og garðaúðara	74	46	38	45	20
Umsagnir um undanþágu frá skráningu varnarefnis	31	20	5	5	7
Umsagnir um skráningu varnarefnis	7	10	28	30	60
Umsagnir um sölualeyfi eitur- og varnarefna	9	13	7	0	-
Veiting tímabundinnar skráningar fyrir plöntuvarnarefni	-	-	-	35	-
Veiting markaðsleyfa fyrir plöntuvarnarefni skv. reglugerð (EB) 1107/2009	-	-	-	3	-
Umsagnir til að kaupa og nota varnarefni (XA-leyfi)	55	20	31	45	-
Útgáfa á markaðsleyfum fyrir sæfiefni	0	10	6	6	90

Gagnaskil

	SKIL TIL	SKILAFRESTUR	ÁBYRGÐ
Skýrsla um þrávirk lífræn efni	ESA	20. maí	Haukur R. Magnússon
Skýrsla um gæði fljótandi jarðefnaeldsneytis	ESA	30. júní	Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir
Skýrsla um magn brennisteins í fljótandi eldsneyti	ESA	30. júní	Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir

Eftirfylgni með kortlagningu hávaða á vegum og í þéttbýli

Kynning á nýjum reglum um flokkun, merkingu og öryggisblöð

Skýrsla um þrávirk lífræn efni

Úttekt á tveim sæfiefnaflokkum á markaði

Skýrsla um magn brennisteins í fljótandi eldsneyti

Eftirlitsáætlun á efnavörum og hlutum sem innihalda efni

janúar febrúar mars apríl maí júní júlí ágúst september október nóvember desember



Sjálfbær nýting auðlinda

Við viljum stuðla að sjálfbærri og skilvirkri nýtingu auðlinda, s.s. hráefna, jarðefna, villtra dýrastofna, orku og ferðamannastaða. Við munum halda auðlindabókhald. Draga þarf úr myndun úrgangs og efla úrgangsstjórnun með aukinni flokkun, endurvinnslu og endurnýtingu enda er úrgangur verðmætt hráefni. Við viljum draga úr neikvæðum áhrifum úrgangs á umhverfi og heilsu manna.

Afgreiðsluverkefni

	FJÖLDI RAUNTÖLUR 2011	FJÖLDI AÆTLUN 2012	FJÖLDI RAUNTÖLUR 2012	FJÖLDI AÆTLUN 2013	MÁLSHRAÐI
Skil á veiðiskýrslum veiðikorthafa undangengis árs	95%	-	89%	95%	-
Móttaka og skráning á veiðiskýrslna	12942	13000	11065	12000	-
Umsóknir um hreindýraveiðileyfi	3879	4000	4327	4000	-
Leyfi fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum	-	100	90	30	40
Útgefin veiðikort	12665	12000	11896	12000	3
Útgefin leyfi vegna hreindýraveiði	1001	1009	997	1229	5 - 7
Leyfi til myndatöku við hreiður fugla	16	21	12	15	15
Leyfi til að mynda á friðlýstum svæðum	-	15	20	20	15
Fjöldi skotvopnánámskeiða (fjöldi þátttakenda)	32 (800)	28 (700)	22 (650)	24 (650)	-
Fjöldi veiðinámskeiða	32 (800)	28 (700)	22 (650)	24 (650)	-
Námskeið fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum	1	2	0	1	-
Eftirlit með hreindýraveiðum - fjöldi daga	16	26	36	40	-
CITES leyfisveitingar	25	30	26	26	15
Umsagnir um undanþágur frá villidýralögum	1	2	1	1	14
Leyfisveitingar til framkvæmda á friðlýstum svæðum	37	45	68	70	30
Eftirlit með framkvæmdum á friðlýstum svæðum	37	45	35	45	-
Leyfisveitingar vegna erfðabreyttra lífvera	2	2	5	6	90
Eftirlit með erfðabreyttum lífverum	5	6	8	8	-
Leyfi til urðunar á sóttmenguðum dýraúrgangi	14	15	9	10	3
Tilkynningar vegna flutnings úrgangs á milli landa	15	15	16	16	30
Umsagnir um undanþágur á innflutningi á framandi lífverum	2	5	4	3	-

Könnun á merkingum plastumbúða innlendra vara

Námskeið fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum

Fræðslufundur fyrir hagsmunaaðila um úrgangsstjórnun

Skýrsla um framkvæmd úrgangsmála

Vatnsauðlindin og vatnsnotkun (EWN-4)

Aukið eftirlit með hreindýraveiðum

janúar febrúar mars apríl maí júní júlí ágúst september október nóvember desember



Áhersluverkefni

SKILAFRESTUR

Fræðslufundur fyrir hagsmunaaðila um úrgangsstjórnun	31. desember
Könnun á merkingum plastumbúða innlendra vara	31.06.2013
Gera tillögu til ráðuneytis breytingu á lögjögum um að markmið um urðun lífræns úrgangs verði bundinn við einstök sveitarfélög	31. maí
Kanna vilja sveitarfélaga og rekstraraðila á að koma á samræmdri flokkun úrgangs á landsvísi	31. desember
Aukið fjármagn í eftirlit með hreindýraveiðum.	1. febrúar
Komið verði á föstum samstarfsfundum með hagsmunaaðilum um skotveiðar.	1. júní

Gagnaskil

	SKIL TIL	SKILAFRESTUR	ÁBYRGÐ
Urðun úrgangs, skýrsla um framkvæmd	ESA	30. september	Guðmundur B. Ingvarsson
Skýrsla um framkvæmd úrgangsmála	ESA	30. september	Guðmundur B. Ingvarsson
Skýrsla um meðhöndlun úrgangsolíu	ESA	30. september	Guðmundur B. Ingvarsson
Skýrsla um meðhöndlun og meðferð seyru	ESA	30. september	Guðmundur B. Ingvarsson
Skýrsla um árangur í endurvinnslu á rafhlöðum	ESA	30. júní	Guðmundur B. Ingvarsson
Skýrsla um árangur við söfnun á úrgangsráflöðum	ESA	30. júní	Guðmundur B. Ingvarsson
Skýrsla um framkvæmd tilskipunar um rafhlöðuúrgang	ESA	26. júní	Guðmundur B. Ingvarsson
Stöðublað um stefnumörkun í úrgangsmálum	EEA	15. maí	Sigríður Kristjánsdóttir
Árleg viðbótarskýrsla um flutning á úrgangi	ESA	31. desember	Niels Br. Jónsson
Árleg skýrsla til Basel samningsins	SBC	31. desember	Niels Br. Jónsson
Skýrsla um úrvinnslu ökutækja	ESA	30. júní	Guðmundur B. Ingvarsson
Skýrsla um mengun jarðvegs	EEA	Ákveðið síðar	Guðmundur B. Ingvarsson
Skýrsla um meðferð umbúðaúrgangs	ESA	30. september	Guðmundur B. Ingvarsson
Skýrsla um meðferð hættulegs umbúðaúrgangs	ESA	30. júní	Guðmundur B. Ingvarsson
Árlegar hagskýrslutölur um umbúðaúrgang	ESA	30. júní	Guðmundur B. Ingvarsson
Vatnsauðlindin og vatnsnotkun (EWN-4)	EEA / EUROSTAT	31. október	Gunnar Steinn Jónsson
Skýrslur um framkvæmd tilskipana um erfðabreyttar lífverur	ESA	Eftir þörfum	Ásgeir Björnsson
Skýrsla um erfðabreyttar lífverur.	ESA	31. desember	Ásgeir Björnsson
Skýrslur til samnings um verslun með lífverur í útrýmingarhættu	CITES	31. október	Ásgeir Björnsson
Skýrsla með upplýsingum um innleiðingu aðgerða	CITES	Eftir þörfum	Ásgeir Björnsson

Grænt samfélag

Við viljum taka skref í átt að grænu samfélagi með áherslu á græna nýsköpun. Auka þarf vistvæn innkaup hjá stofnunum og fyrirtækjum og hlut umhverfismerktrar vöru í innkaupum almennings. Við upplýsum almenning og fyrirtæki um leiðir til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Við viljum auka vitund almennings um tengsl lýðheilsu og útivistar. Við veitum upplýsingar til almennings um ástand umhverfisins.

Áhersluverkefni


	SKILAFRESTUR
Marka stefnu Umhverfisstofnunar í neytendamálum í samvinnu við Matvælastofnun og Landlækni.	30. nóvember
Kynning á Svaninum fyrir dagvöruverslanir	31. desember
Kynning á Svaninum fyrir hótél og gístaði	28. maí
Taka saman upplýsingar um hvaða fyrirtæki á Íslandi eru með vottað umhverfisstjórnunarkerfi.	31. desember

Afgreiðsluverkefni

	FJÖLDI RAUNTÖLUR 2011	FJÖLDI ÁÆTLUN 2012	FJÖLDI RAUNTÖLUR 2012	FJÖLDI ÁÆTLUN 2013	MÁLSHRAÐI
Útgefn Svansleyfi	3	4	7	7	-
Umsóknir um Svansleyfi	8	10	4	5	-
Yfirferð ársskýrslna leyfishafa Svansins	6	17	17	24	-
Eftirlitsferðir til leyfishafa Svansins	5	16	16	24	-
Grænt bókhald frá atvinnurekstri	47	70	51	50	-
Eftirfylgnismál vegna skila á grænu bókhaldi	-	-	8	7	-

Gagnaskil

	SKIL TIL	SKILAFRESTUR	ÁBYRGÐ
Skýrsla um ústreymisbókhald (e-PRTR)	ESA	31. mars	Guðbjörg Stella Árnadóttir



Samþætting & eftirfylgni

Við viljum tryggja bætta framkvæmd laga og reglna á umhverfissviði með markvissara eftirliti og eftirfylgni. Áhersla verður á samvinnu við hagsmunaaðila og bætta þjónustu. Jákvæðar og hvetjandi aðgerðir notaðar til að fá atvinnulíf og sveitarfélög til að sinna sínum skyldum af ábyrgð. Beitum okkur fyrir samþættingu umhverfissjónarmiða í öllum geirum samfélagsins. Höldum á lofti hagsmunum umhverfis og náttúru við opinbera stefnumótun.

Áhersluverkefni

SKILAFRESTUR

Tillaga að sérstökum lögum um Umhverfisstofnun	1. júlí
Skilgreina áhersluverkefni og útbúa verkferla vegna brota á náttúruverndar- og villidýralögum	31. desember
Áætlun um þjálfun og reglulega tilfærslu eftirlitsmanna milli eftirlitsflokka	1. júlí
Upplýsingagjöf til starfsleyfishafa um breytingar í regluverki	26. desember
Gjaldskrá fyrir leyfi og eftirlit endurspegli raunkostnað.	1. maí

Afgreiðsluverkefni

	FJÖLDI RAUNTÖLUR 2011	FJÖLDI ÁÆTLUN 2012	FJÖLDI RAUNTÖLUR 2012	FJÖLDI ÁÆTLUN 2013	MÁLSHRÆÐI
Þingmál frá Alþingi, þingsályktanir og frumvörp	42	35	39	32	-
Tillögur að reglugerðum	11	19	18	16	-
Greiningar á EES - gerðum	78	65	90	66	-
Umsagnir vegna stjórnisýslukæra	10	10	5	6	14
Mat á umhverfisáhrifum	37	37	35	45	15-21
Umsagnir um skipulagsáætlanir	108	110	119	120	120
Starfsleyfi - útgefin	11	20	12	18	180
Umsagnir um undanþágur frá starfsleyfum	24	31	20	15	14
Mengunarvarnaeftirlit	120	143	150	160	-
Eftirfylgnismál stofnuð í kjölfar mengunarvarnaeftirlits	-	-	43	35	-
Eftirfylgnismál vegna skila á magnötolum úrgangs	-	-	20	18	-

Áætlun um þjálfun og reglulega tilfærslu eftirlitsmanna milli eftirlitsflokka

Gjaldskrá fyrir leyfi og eftirlit endurspegli raunkostnað í samræmi við mengunarbótareglu

Upplýsingagjöf til starfsleyfishafa um breytingar í regluverki

Skýrir verkferlar til að bregðast við brotum á náttúruverndar- og villidýralögum

Leiðandi stofnun

Við viljum starfa í öflugri stofnun þar sem skipulag, þekking, tæki og tól eru til staðar til að veita landsmönnum góða þjónustu. Við viljum geta sinnt skyldum okkar og verkefnum í átt að sjálfbærri þróun. Við stuðlum að því að vera eftirsóttur vinnustaður sem við erum stolt af og erum fremst á okkar sviði. Við notum gagnsæ og öguð vinnubrögð og leggjum áherslu á að vinna með fólki.

Áhersluverkefni

	SKILAFRESTUR
Ný fræðslu og upplýsingastefna	24. desember
Gera gáttlista sem felur í sér að öll ný lög/reglur séu greind m.t.t. markmiða í upplýsingagjöf/kostnaðarmetnin	1. júní
Yfirlit yfir gögn sem safnað er um ástand umhverfisins - greining á hvað vantar	31. desember
Yfirlit yfir gögn sem safnað er úr eftirliti um losun mengandi efna	31. desember
Gera aðgerðaáætlun um innsetningu efnis á lífandi Facebook síðu	31. desember
Við setningu reglna og ákvarðanatöku liggja fyrir áætlun um aðgerðir og ábyrgð á framkvæmd	1. júní
Útbúa áætlun árlega um kynningu fyrir samstarfsaðila á nýjungum í lögum og reglugerðum	1. október
Greining á gagnaskilum Umhverfisstofnunar til alþjóðastofnana og leiðum til úrbóta	31. maí
Áætlun um alþjóðasamstarf ásamt forgangsröðun	31. desember
Greining á kostum ráðgjafanefndar fyrir Umhverfisstofnun	1. maí
Halda árlega samstarfsfund með umhverfis- og náttúruverndarsamtökum	1. júní
Halda árlega samráðsfund með atvinnulífi	1. október
Útbúa umgjörð og ramma fyrir samstarf við hagsmunaðila	1. júní
Setning viðmiða um endurgjöf til viðskiptavina um móttöku og svartíma erinda	31. desember
Samræming starfslýsinga - skýr ábyrgð í starfslýsingum	1. desember
Greina núverandi stöðu og þarfir til undirbúnings setningar upplýsingatæknistefnu.	31. desember
Yfirlit yfir núverandi þekkingu - þekkingargrunnur	14. desember
Innleiða verkefnastjórn	31. desember
Gerð framgangskerfis	31. desember
Grænar ábendingar til Fjársýslunnar varðandi skil á fylgiskjölum	1. júlí
Kynna möguleika á upplýsingum um eigin prentnotkun	1. ágúst
Útbúa aðgerðaráætlun um pappírslaust umhverfi.	31. desember
Vistvæn innkaup Umhverfisstofnunar vegna friðlýstra svæða	31. desember
Fræðsla til starfsfólks og sumarstarfsfólks um vistvænar áherslur í daglegum störfum	1. ágúst

Afgreiðsluverkefni

	FJÖLDI RAUNTÖLUR 2010	FJÖLDI ÁÆTLUN 2011	FJÖLDI RAUNTÖLUR 2011	FJÖLDI ÁÆTLUN 2012	FJÖLDI RAUNTÖLUR 2012	FJÖLDI ÁÆTLUN 2013	MÁLSHRADI
Útgáfa ársskýrslu	1	1	1	1	1	1	
Útgáfuáætlun	1	1	1	1	1	1	
Útgáfa umhverfisskýrslu	1	1	1	1	1	1	
Útgáfa ársáætlunar	1	1	1	1	1	1	

Greining á gagnaskilum Umhverfisstofnunar til alþjóðastofnana og leiðum til

Umgjörð fyrir samstarf við hagsmunaðila


Árlegir samráðsfundir með atvinnulífi og umhverfisverndarsamtökum

Yfirlit yfir núverandi þekkingu - þekkingargrunnur

Ný fræðslu- og upplýsingastefna

Innleiða verkefnastjórn

janúar febrúar mars apríl maí júní júlí ágúst september október nóvember desember




Helstu rekstrarliðir

Umhverfisstofnun hefur verið gert, eins og öðrum ríkisstofnunum, að draga úr rekstri sínum vegna niðurskurðar í ríkisrekstri. Í fjárlögum fyrir árið 2013 er gert ráð fyrir að gjöld stofnunarinnar verði lækkuð vegna sparnaðar um 13,2 m.kr. Ennfremur er stofnuninni gert að auka tekjur sínar um 22,7 m.kr. og koma gjaldaheimildir á móti. Nokkur ný verkefni bætast við í fjárlögum ársins 2013. Þar má nefna loftlagsmál, undirbúning olíuvinnslu á Drekasvæðinu, svæðalandvörslu á suðurlandi og miðhálandinu, endurgreiðslur vegna refaveiða, rammaáætlun, IPA styrkur til vatnamála og framkvæmdir á friðlýstum svæðum almennt. Ennfremur falla niður fjárveitingar vegna flutnings dýraverndarmála til Matvælastofnunar, 85 m.kr. fjárveiting vegna innleiðingar vatnatilskipunar 20 m.kr. vegna kaupa á tölvukerfi vegna ETS og

16,9 m.kr. vegna gistináttaskatts. Vegna þessara verkefna og launa- og verðlagsbóta hækka fjárheimildir um 274,7 m.kr. Nettóhækkun heimilda er því 109,9 m.kr. og heildargjaldaheimild stofnunarinnar fyrir árið 2013 er 1.213,5 m.kr. Þar af er gert ráð fyrir að rúmlega 347 m.kr. verði innheimtar í sértekjur og markaðar tekjur. Ríkissjóður mun því greiða 866,1 m.kr. til stofnunarinnar vegna ársins 2013. Ljóst er að enn þarf að gæta ítrasta aðhalds í rekstri þannig að þessi niðurskurður komi sem minnst niður á verkefnum stofnunarinnar.

Hér á eftir verður fyrst farið yfir helstu gjaldaliði hjá stofnuninni, síðan helstu tekjuliði eftir hvort um er að ræða markaðar tekjur, sértekjur eða sérstakar sértekjur. Að lokum er gerð grein fyrir nokkrum sjóðum sem Umhverfisstofnun hefur umsjón með ásamt stærri verkefnum.



Gjaldaliðir

Í rekstraráætlun er gert ráð fyrir að heildargjöld stofnunarinnar verði 1.247.3 m.kr. sem er eilítið hærra en gert er ráð fyrir í fjárlögum 2013. Á móti kemur að óskað er eftir heimild til að nýta 30 m.kr. frá fyrri árum. Þar er um að ræða annars vegar 10 m.kr. af inneign á framkvæmdafé og 20 m.kr. vegna kaupa á tölvukerfi fyrir ETS sem frestaðist fram yfir áramót.

Tekjuliðir

SÉRTEKJUR

Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir 136,1 m.kr. í sértekjur á árinu 2012 sem er lækkun frá fyrra ári og skýrist mest af lækkuðum tekjum af sérfræðiþjónustu og vegna námskeiðsgjalda. Aðrar helstu sértekjur stofnunarinnar vegna eftirlits með framkvæmdum í samræmi við náttúruverndarlög um 5,5 m.kr., tekjur vegna norræna umhverfismerkisins (Svansins) um 11 m.kr., og endurgreiðslur á ferðakostnaði vegna erlends samstarfs um 4,5 m.kr. Ennfremur eru tekjur af aðgangseyri að Surtseyjarstofu annars vegar og Vatnshelli í Snæfellsjökulþjóðgarði hins vegar. Gert er ráð fyrir að þær nemi um 8 m.kr.

MARKAÐAR TEKJUR

Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir að vera með um 178,6 m.kr. í markaðar tekjur á árinu 2013. Gert er ráð fyrir að um 131,5 m.kr. komi inn vegna sölu á veiðileyfum til hreindýraveiða og um 45 m.kr. vegna innheimtu gjalds af veiðikortum. Meirihluta þessara tekna greiðir Umhverfisstofnun út til viðeigandi aðila sbr. nánari skýringar á einstökum sjóðum síðar

AÐRAR REKSTRARTEKJUR

Gert er ráð fyrir að stofnunin innheimti um 27,3 m.kr. í aðrar rekstrartekjur á árinu. Um er að ræða tekjur vegna mengunareftirlits í fyrirtækjum sem stofnunin gefur út starfsleyfi fyrir.

Helstu liðir

í þúsundum króna

	Spá 2012	Áætlun 2013
LAUNAKOSTNAÐUR	554.634	568.581
FUNDIR OG FERÐIR	51.686	57.902
REKSTUR	29.858	31.919
ÞJÓNUSTA	174.793	115.835
HÚSNÆÐI	152.321	265.388
BIFREIÐAR	4.050	6.473
SKATTAR, FJÁRMAGNSKOSTN.	1.726	886
EIGNAKAUP	9.409	15.833
TILFÆRSLUR *	140.619	184.496
REKSTRARKOSTNAÐUR ALLS	1.119.096	1.247.313
TEKJUR ALLS	319.303	341.962
MISMUNUR GJALDA OG TEKNA	799.793	905.351

* TILFÆRSLUR ERU AÐ MESTU ARÐGREIÐSLUR TIL BÆNDA VEGNA HREINDÝRAVEIÐA OG STYRKIR ÚR VEIÐIKORTASJÓÐI

Sjóðir í umsýslu stofnunarinnar og stærri verkefni

HREINDÝRASJÓÐUR

Árlega auglýsir Umhverfissráðuneyti veiðikvóta hreindýra að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun sér um sölu veiðileyfa gegn gjaldi sem Umhverfissráðherra ákveður. Gjaldið rennur í sjóð sem notaður er til að standa undir kostnaði Umhverfisstofnunar og hreindýráðs við eftirlit og stjórn hreindýraveiða og vöktunar Náttúrustofu Austurlands. Gert er ráð fyrir að tekjur sjóðsins verði um 131,6 m.kr. sem er hækkun frá fyrra ári og skýrist af áætlaðri samræmingu og hækkun á verði veiðileyfa.

VEIÐIKORTASJÓÐUR

Allir þeir sem stunda veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum þurfa að afla sér veiðikorts í samræmi við lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum. Umhverfisstofnun annast útgáfu veiðikortana og tekur gjald fyrir. Gjaldið rennur í sjóð sem umhverfissráðherra úthlutar úr til rannsókna, vöktunar og stýringar á villtum dýrastofnum. Sjóðurinn stendur einnig undir kostnaði við útgáfu veiðikortanna. Gert er ráð fyrir að tekjur vegna veiðikorta á árinu 2012 verði um 45 m. kr.

SKOTVOPNA- OG VEIÐIKORTANÁMSKEIÐ

Stofnunin heldur skotvopna- og veiðikortanámskeið um allt land og voru þau um 22 á árinu 2012 en ráðgert er að halda 24 námskeið á árinu 2013. Samanlögð velta námskeiðanna á árinu 2013 er áætluð 20,1 m.kr. Veiðikortanámskeiðið er sex tímar bóklegt nám og skotvopnanámskeiðið 10 tímar bóklegt nám og fjórir tímar verklegur þáttur á skotvelli.

ENDURGREIÐSLA TIL SVEITARFÉLAGA VEGNA REFA- OG MINKAVEIÐA

Árlega ákveður umhverfissráðherra viðmiðunartaxta launa refa- og minkaveiðimanna en sveitarfélög greiða veiðimönnum fyrir veiðarnar. Uppgjörstímabil vegna refa- og minkaveiða er frá 1. september ár hvert til 31. ágúst árið eftir. Sveitarfélög senda Umhverfisstofnun skýrslu um veiðarnar ásamt reikningsyfirliti eftir lok uppgjörstímabils. Umhverfisstofnun endurskoðar reikninganna og endurgreiðir til sveitafélaganna miðað við viðmiðunartaxta. Í fjárlögum ársins 2013 er gert ráð fyrir að þetta verði óbreytt varðandi minkaveiðar og er gert ráð fyrir 19,4 m. kr. í þann málaflokk en veitt er 30 m.kr. tímabundin fjárveiting til refaveiða. Forsenda endurgreiðslu ríkisins til sveitarfélags er að gerður verði samningur til þriggja ára í senn sem byggist á áætlun sveitarfélagsins um að lágmarka það tjón til lengri tíma sem refurinn er talinn valda á landsvæði viðkomandi sveitarfélags. Útfæra þarf nánar hvernig þetta verður framkvæmt.